

DREKASKÁTAMÓT 2025

ÞRIÐJA UPPLÝSINGABRÉF



GEIMDREKAR Á ÚLFLJÓTSVATNI

Drekaskátamót verður haldið helgina 13. - 15. júní 2025

Kæri dagskrárforingi / drekaskátaforingi / félagsforingi / fararstjóri. Nú er stutt í að geimdrekar taka yfir Úlfljótsvatn og því sendum við þriðja upplýsingabréfið sem verður svo áfram að finna ásamt fyrri tveimur upplýsingabréfum á viðburðarsíðu Drekaskátamóts á skatarnir.is.

Við minnum á að skráningarfrestur var framlengdur til 19. maí, fararstjóri allra félaga sem hafa tilkynnt komu sína á mótið hafa aðgang að skráningu síns félags í Abler kerfinu.

Þriðjudaginn 20. maí klukkan 17:30 - 18:30 verður upplýsingafundur fyrir fararstjóra í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123. Fararstjórar utan af landi geta tengst fjarfundi, [hlekkur á fundinn er hér](#).

Við biðjum félögin að skrá alla foringja sem koma með félaginu, það er gert með að senda nöfn þeirra og kennitölu á drekaskatamot@skatarnir.is eða á saedis@skatarnir.is þá verða þau færð inn í Abler sem „aðstoðarmaður“ í hópi skátafélagsins.

Eftirfarandi eru svo nokkrir punktar til að hafa í huga fram að móti:

1. Við biðjum félög að mæta á bílaplanið milli JB og DSÚ. Ekki er heimilt að keyra inn á tjaldsvæðið. Þegar félag mætir skal fararstjóri mæta að innritunarborði í Strýttunni og skrá félagið inn.
2. Tjaldsvæði mótsins er á Hvítasunnuflötinni milli Strýttunnar og bátabryggjunnar. Þau félög sem vilja vera saman á tjaldflöt eða í dagskrá skulu senda línu á drekaskatamot@skatarnir.is svo við getum tryggt það.
3. Félagið þarf að koma með sitt eigið matartjald og mataráhöld. Nokkur kolagrill eru við Strýttuna sem félögin geta notað ef þau vilja, með eigin kolum.
4. Við mælum með að fararstjórar noti [sniðmát að upplýsingabréfi um mótið](#) þar sem má meðal annars að finna útbúnaðarlista til að tryggja að drekaskátarnir komi vel búnir.
5. Foringjar/fararstjórar geta mætt fimmtudagskvöldið eða snemma á föstudeginum fyrir mót til að setja upp matartjöld ef þau vilja.
6. Við minnum á að fyrir hverja 10 drekaskáta sem félagið sendir á mótið fá þau niðurgreitt þátttökugjald fyrir einn foringja.

7. Félögin sjá um að skipuleggja hvernig skátarnir komast á mótið og hvernig matarmálum og öðru er háttað innan félagsins, fyrir utan sameiginlega kvöldmáltíð á föstudags- og laugardagskvöldinu.
8. Dagskrá mótsins er að finna hér að neðan, hún er gefin út með fyrirvara um breytingar.

Sjáumst hress á drekaskátamóti!

Mótsstjórn Landsmót Drekaskáta 2025



Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
	8:00 - 9:30	
	RÆS og morgunmatur	
	9:30 – 11:30	
	Dagskrábil 1	Dagskrábil 3
	11:30 - 13:30	
	Hádegismatur	
	13:30 - 15:30	13:30
	Dagskrábil 2	Slit
	15:30 – 16:30	14:00-16:00
16:00	Síðdegishressing	Tiltekt og brottför
Mæting, tjalda	16:30 – 18:30	
	Opin dagskrá	
18:30 -20:00		
Kvöldmatur		
20:00 – 21:00		
Setning	Kvöldvaka	
21:00 – 22:00	21:00 – 22:00	
Kakó og kex	Kvöldleikur	
Ró	22:00 – 23:00	
22:30	Kakó og kex	
Kyrrð	Ró	
	23:30	
	Kyrrð	

